

Nd.

1. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir A. I. a. 47 í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi nýr liður: Múlaá í Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, en náði eigi afgreiðslu. Múlaá er á þjóðveginum frá Arngerðareyri að Múla í Ísafirði. Nauðsyn ber til þess, að brú á hana verði tekin upp í brúalög, þannig að hefjast megi handa hið fyrsta um byggingu brúarinnar.